

Ed. 567. Frumvarp til laga [282. mál]

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir eðlilegan dvalarkostnað fávíta á viðurkenndu fávítahæli, hafi vistun hans þar verið úrskurðuð nauðsynleg, sbr. 11. gr.

2. gr.

6. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir hæfilegt gjald vegna fávíta, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, enda hafi slík dvöl verið úrskurðuð með sama hætti og segir í 5. gr. Aldrei skal þó slíkur kostnaður greiddur hærri fjárhæð en nemur $\frac{3}{5}$ hlutum þess kostnaðar, sem greiddur er vegna fávíta, sem dvelur á aðalfávítahæli ríkisins.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt fávíta til lögboðins lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem felast í frumvarpi þessu, eru í samræmi við þá breytingu á lögnum um almannatryggingar, að sjúkratryggingadeildin annist greiðslu vegna hælsvistar fávíta eins og annarra langlegusjúklinga, sbr. 3. mgr. 49. gr. þeirra laga. Lagt er til, að sjúkratryggingadeild greiði einnig styrk vegna fávíta, sem dveljast á viðurkenndum dagvistarheimilum, sbr. 6. gr. þessara laga.